

8. gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktaarsvæðinu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fyrirmælum samþykta þessarar sje hlýtt. Þó geta hreppsnefndir falið eftirlitið stjórnnum nautgripaæktunarfélaga þeirra, er til eru á í því svæði, er hvert einstakt fjelag nær yfir, ef þær vilja takast það á hendur. Kostnaður sá, sem af eftirlitinu leiðir, og ekki má fara fram úr 5 aurum fyrir hverja kú, greiðist úr hlutaðeigandi hreppssjóðum.

8. gr.

Brot gegn 1. og 5. gr. varðar sektum frá 5—50 krónum, er renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

9. gr.

Með brot gegn samþykta þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykta þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. nóvember 1912 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 15. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

110

16. ágúst.

um breyting á 38. gr. heilbrigðissamþykta Reykjavíkuraupstaðar 30. jan. 1905 og auglýsingu um breytingu á nefndri grein heilbrigðissamþykta rínnar frá 11. ágúst 1909.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr 1905, um heilbrigðissamþykta fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hjermeð staðfest sú breyting á 38. gr. heilbrigðissamþykta fyrir Reykjavík 30. jan. 1905, og auglýsingu um breytingu á nefndri gr. heilbrigðissamþykta rínnar frá 11. ágúst 1909, að greinin orðist þannig:

Þeim mönnum, er slátruðu til sölu eða seldu kjöt eða gerðu matvæli af kjöti til sölu á þeim tíma, er heilbrigðissamþykta bæjarins 30. jan. 1905 öðlaðist

110 gildi, getur bæjarstjórnin með ráði heilbrigðisnefndar veitt undanþágu frá 31., 16. ágúst. 33., 36. og 37. gr. samþyktarinnar, en þó ekki lengur en til ársloka 1912.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 16. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

111

29. ágúst.

Reglugjörð

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt 1. gr. laga, nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um kenslufyrirkomulag skólans m. m.

I.

Um markmið skólans og skipun.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbúa lærisveina skólans undir íslensk stýrimannapróf, hið meira og hið minna, og próf í gufuvjelafræði.

2. gr.

Lærisveinum skólans skal skift í 3 deildir: Í 1. deild skólans skulu vera allir nýsveinar; í 2. deild þeir lærisveinar, sem lesa til hins minna stýrimannaprófs, og í 3. deild þeir lærisveinar, sem lesa til hins meira stýrimannaprófs. Setja má, ef þurfa þykir, 1. og 2. deild saman í eina deild, eða flytja nýsveina í 2. deild.